

Minjavernd

Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti,
Skuggasundi 1,
101 Reykjavík.

Reykjavík 6. október 2020.

Vísað er til fundar í umhverfisráðuneyti þann 19. júní sl. með fulltrúum ráðuneytis og Minjaverndar hf er fjallaði um uppbyggingu fyrir ferðamenn í Ólafsdal í Gilsfirði. Bæði almennt, en einkum um þann hluta sem snýr að upplifun ferðamanna í dalnum sjálfum, m.a. í tengslum við fornleifauppgröft á víkingaaldarbyggð innarlega í dalnum sem unnið hefur verið að undanfarin þrjú ár. Var erindi að kynna þá vinnu og leggja grunn að þessu erindi, þ.e. að uppbygging sú geti talist falla undir verksvið Landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Minjavernd er hlutafélag í eigu ríkis að 38.3%, Reykjavíkurborgar að 38.3% og sjálfseignarstofnunar innar Minja að 23.4%. Félagið er því í meirihlutaeigu opinberra aðila. Það var áður rekið sem sjálfseignarstofnun en fékk þetta form árið 2000. Minjavernd hefur unnið að fjölda verkefna um allt land bæði í Reykjavík sem á landsbyggð. Af verkefnum utan Reykjavíkur má nefna td. uppbyggingu Franska spítalans á Fáskrúðsfirði, Gamla Apóteksins á Akureyri, uppbyggingu þriggja pakkhúsa í Flatey á Breiðafirði sem og Löngubúðar á Djúpavogi. Öll þessi verkefni tengjast þjónustu og uppbyggingu fyrir ferðamenn, ásamt því að viðhalda gömlum húsum, sögu þeirra og viðkomandi svæðis. Alls eru verkefni Minjaverndar komin yfir 7. tug um land allt.

Þann 19. ágúst 2015 voru undirritaðir í Ólafsdal tveir samningar milli Minjaverndar og ríkissjóðs. Annar snýr að uppbyggingu og eignarhaldi á 57.5 ha lands og þeim húsakosti sem reistur var í tíð búnaðarskóla Torfa Bjarnasonar og konu hans Guðlaugar Zakaríasdóttur 1880 til 1907. Markmið hans er að Minjavernd tekur að sér að endurbyggja meginhluta þess húsakosts sem stóð þar og búnaðarskólinn var rekinn í. Sá samningur var jafnframt staðfestur af Ólafsdalsfélaginu sem hafði um nokkurra ára bil haft hluta lands þar á leigu við ríki, en gekk við þetta frá máli. Samhliða þessum samningi var gengið frá öðrum samningi er ber yfirskrift „Samningur um verndun, uppgræðslu og umsjón menningarlandslags í Ólafsdal“. Fjallar hann um réttindi og skuldbindingar Minjaverndar, verndun dalsins, uppgræðslu og að draga fram sögu og menningarminjar sem þar eru. Í framhaldi af samningsgerð þessari var unnið að deiliskipulagsvinnu og í því samhengi fornleifaskráningu yfir allan dalinn og eyrina framundan honum. Það hefur skilað sér í því að skráðar hafa verið á 5. hundrað minjar á þessu svæði og er hvergi annars staðar hérlandis um slíkann fjölda að ræða á afmörkuðu svæði. Við skráningu þessa komu í ljós ummerki um skálabyggingu er talin var vera frá landnámstíð. Í framhaldi var lagt af stað í rannsókn þeirrar rústar sem þegar hefur staðið í þrjú sumur. Hefur hún nú leitt í ljós ummerki um að minnsta kosti 9 rústir húsa frá fyrstu árum byggðar ásamt garðveggjum í kring. Ljóst er að búið hefur verið í þeim og þau nýtt vel á aðra öld. Hvergi á Vesturlandi hafa enn fundist ummerki um jafn heildstæða byggð bæjarhúsa frá upphafi landnáms. Minjavernd hefur lagt í þetta kostnað nær að 15 milljónum, en jafnframt hafa fengist fjármunir úr Fornleifasjóði að um 13

milljónum króna. Samhliða þessu er nú unnið að rannsóknum á gróðurfari í Ólafsdal frá því fyrir landnám og til nútíma. Tekin hafa verið sýni úr mýrum og talið að unnt verði að greina breytingar á gróðurfari með nákvæmum hætti. Slík gróðurfarsrannsókn hefur ekki verið unnin á þessu væði fyrri.

Þessi merki fundur fornminja, bæði rústanna frá upphafi landnáms sem og öllum þeim skráningum fornminja sem áður voru nefndar og ná fram yfir tíma búnaðarskólans leiddi hugsun til þess að gera dalnum í heild enn meiri skil en áður var hugað. Horfa ekki einvörðungu til bygginga og umhverfis þeirra, heldur til mun stærri heildar þ.e. dalsins alls og þeirrar sögu sem rekja má til alls þess fróðleiks sem aflað hefur verið og þar með möguleikum til upplifunar sem ekki væri hægt með sambærilegum hætti að skapa annars staðar hérlandis. Fróðleiks og upplifun um búskap og mannvist til sveita frá landnámi til nútíma og tengja það þeim áhrifum sem búnaðarskólinn hafði á búskap um land allt, en þau voru umtalsverð.

Því var þegar 2018 hafin hugsun og skipulag vinnu að gerð göngustíga um dalinn, brúarsmíði yfir ár, horft til bílastæðis og snyrtingaraðstöðu o.s.frv. Gönguleiðir hafa verið hugsaðar fljölbrayttar allt frá beinni gönguleið að rústum landnámsbygginga og húsa þess tíma yfir í skoðun á þróun gróðurfars í dalnum, annarra fornminja allt frá landnámi til tíma búnaðarskólans og yfir í gönguleið um fjallahring dalsins. Ennfremur er horft til þess að ganga svo frá uppgreftri rústa í dalnum að þær veki upplifun og gefi ferðamönnum fróðleik. Í Dölum og Saurbæ vantar verulega á að áhugaverðir staðir hafi fengið uppbyggingu og hafi nægjanlegt aðdráttarafli, utan einkum Eiríksstaða í Haukadal.

Eftir að þjóðleið opnaðist yfir Þróskulda er Ólafsdalur sem næst á ný kominn í alfaraleið, á leið ferðamanna yfir á Vestfirði og uppbygging áhugaverðs staðar þar getur því stutt við upplifun ferðamanna ekki einvörðungu í Saurbænum og nærumhverfi, heldur einnig við uppbyggingu Vestfjarðahrings.

Þetta verkefni er allt hugsað á landi ríkis þótt það tengist þeirri uppbyggingu sem unnið er að við uppbyggingu húsa búnaðarskólans og þess að draga fram sögu hans. Sú uppbygging verður alfarið á vegum Minjaverndar og fjármögnuð með sjálfstæðum hætti.

Því er þess hér farið á leit að verkefnið geti talist falla undir Landsáætlun um uppbyggingu innviða svo unnt verði að sækja um fjármagn til þeirrar uppbyggingar í Ólafsdal sem hér hefur verið lýst.

Með erindi fylgja frumdrög að korti yfir göngustíga og kostnaðaráætlun sem nær yfir gerð stíga, merkinga, upplýsingaaðstöðu, bílastæðis og snyrtingar. Þessi gögn eru sem fyrr segir hluti af þróunarvinnu fyrir svæðið og voru sett á blað 2018. Jafnframt fylgja með fyrirnefndir samningar milli ríkissjóðs og Minjaverndar. Ennfremur fylgir með kynningarbæklingur á vinnslustigi um verkefni Minjaverndar í Ólafsdal. Verði unnt að verða við erindi þessu verða þessi gögn uppfærð og unnin með fyllri hætti. Ef frekari upplýsinga er þörf eða spurningar vakna, þá vinsamlega hafið samband og ljúft verður að leysa úr.

Virðingarfyllt,
f.h. Minjaverndar hf.,



Þorsteinn Bergsson.